

3. Vörur, sem endursendar eru hingað frá útlöndum, vegna þess að þær seldust ekki, eða eru endursendar hingað af öðrum orsökum, enda séu færðar þær sannanir eða líkur, sem tollyfirvöld taka gildar, fyrir því, að um sé að ræða vörur útfluttar héðan.
4. Vörur, sem ætlaðar eru til afnota fyrir sendiherra erlendra ríkja og aðra, sem samkvæmt lögum og venju njóta hér tollfrelsis eftir nánari reglum, sem fjármálaráðherra setur.
5. Gjafir og aðrar sendingar, sem sönnur eru færðar á, að sendar séu hingað án þess að greiðsla komi fyrir.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 63 31. maí 1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 4 5. janúar 1977, um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi með áorðnum breytingum.

Viðskiptaráðuneytið, 12. desember 1979.

Kjartan Jóhannsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

AUGLÝSING**um skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi.**

Samkvæmt heimild í 2. grein laga nr. 108 31. desember 1973, sbr. lög nr. 80 23. júní 1969, verður það fyrst um sinn og þar til öðruvísi verður ákveðið, gert að skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi, að umsækjendur hafi gegnt læknisstarfi við heilsugæslustöð fulla 4 mánuði að loknu námi í læknaeild og leggi fram skilríki fyrir þeirri þjónustu.

Auglýsing nr. 201 22. maí 1978 er hér með úr gildi felld.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar þeim, er hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. desember 1979.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

REGLUR**um grandaraspil, öryggisbúnað við línu- og netaspil, öryggi í hringnótaskipum og radarspegla á opnum bátum.**

1. gr.

Grandaraspil.

Skuttogarar skulu búnir grandaraspilum eða öðrum búnaði jafngildum, sem kemur í veg fyrir slyshættu af toghlerum, sem hífðir eru í gálga.

2. gr.

Öryggisbúnaður við línu- og netaspil.

Á fiskiskipum, 15 brl. og stærri, sem búin eru línuspili til netaveiða, skal settur sérstakur öryggisbúnaður, þannig gerður, að spilið stöðvist samstundis, ef maður dregst inn að spilkoppnum með veiðarfærunum.

Öll skip sem hefja netaveiðar eftir 1. janúar 1980, skulu búin slíkum öryggisbúnaði sem stöðvar spilið samstundis.

Skipstjóra þessara skipa ber skylda til að sjá um, að þessi búnaður sé ávallt um borð og virkur, þegar skipið fer á netaveiðar. Þessi búnaður skal háður viðurkenningu Siglingamálastofnunar ríkisins í hverju einstöku skipi.

Siglingamálastjóra er heimilt að stöðva skip, sem fer á netaveiðar eftir 1. janúar 1980, án þess að öryggisbúnaður samkvæmt framansögðu sé fyrir hendi.

3. gr.

Öryggisbúnaður á hringnótaskipum.

Áður en hringnótaskip hefja veiðar og eftir að nót er komin um borð, skal skipstjóri fara fram á skoðun Siglingamálastofnunar ríkisins til að kanna hvort öryggisbúnaðar sé þörf til að hindra að menn geti runnið fyrir borð úr nótakassa. Telji Siglingamálastofnun ríkisins þörf á öryggisbúnaði, skal skipið búið honum, og skal hann viðurkenndur af Siglingamálastofnun ríkisins, áður en skipið heldur á veiðar.

4. gr.

Radarspeglar.

Opnir bátar skulu búnir radarspeglum úr málmplötum. Skulu þeir vera að minnsta kosti 25 cm. að þvermáli.

5. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1979, um eftirlit með skipum staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi, birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi reglur um sama efni, útg. 1. ágúst 1979.

Samgönguráðuneytið, 26. nóvember 1979.

Magnús H. Magnússon.

Brynjólfur Ingólfsson.